



LÖGREGLAN FRÁ TÍMUM VAKTARANNA

Verksmiðjur Innréttinganna

Árið 1752 hófust framkvæmdir í Reykjavík á vegum fyrirtækis sem oftast er nefnt Innréttingarnar. Þar var umtalsverð atvinnustarfsemi á þeirra tíma mælikvarða en með Innréttingunum hófst í Reykjavík fyrsta þéttbýlismyndun að ráði á Íslandi. Framkvöðull að stofnun þeirra var Skúli Magnússon landfógeti. Innréttingarnar voru hluti af þeim ráðstöfunum til framfara sem íslenskir embættismenn og dönsk stjórnvöld stóðu fyrir og voru í takt við kenningar hagspekinga sunnar í álfunni á þeim tíma. Innréttingarnar nutu því ríflegs styrks frá dönsku stjórninni.¹

Tukthús tekur til starfa á Arnarhóli

Í hallæri sem gekk yfir Ísland á árunum 1751-1758 var einkar mikið um þjófnaði og gripdeildir um allt land og voru margir dæmdir til þrælkunar í Kaupmannahöfn fyrir þá sök. Sýslumenn urðu að geyma fangana þar til skipsrúm fengist til að

*Stjórnarráðið
í Reykjavík. Húsið
var byggt sem
tukthús og hýsti
afbrotamenn.
Þeir gerðu út
þaðan í ránsferðir.
Ljósmynd:
Július Óli Einarsson.*



flytja þá úr landi og kostaði það sýslumennina of fjár. Rituðu þeir konungi bænaskrá sumarið 1757 um að leyft yrði að hengja þjófa í stað þess að senda þá utan til þrælkunar, en það myndi horfa til sparnaðar og hagnaðarauka. Ekki var fallist á þessa beiðni en sýslumenn virðast, þrátt fyrir það, hafa tekið þjófa af lífi í einhverjum tilvikum.²

Árið 1759 var samkvæmt konungsúrskurði lagður fasteignaskattur á húseigendur, til að standa straum af kostnaði við byggingu tukthúss á Íslandi og kostnaði af gæsluvarðhaldsvist fanga og flutningi þeirra til Danmerkur. Einnig skyldi

Enn stendur húsið Aðalstræti 10 sem var hluti Innréttinganna. Þar hefur í mörg undanfarin ár verið veitingarekstur. Árvökul augu forvera nútímalögglumanna, hvíldu á þessu húsi og umhverfi þess fyrir hálfri þriðju öld. Ljósmynd: Júlíus Óli Einarsson.



konungur leggja fram tiltekna fjárhæð. Þá var ákveðið að afbrotamenn skyldu í stað refsingar vinna við smíði tukthúss í Reykjavík. Vorið 1761 var byrjað að draga að grjót og grafa fyrir veggjum. Tukthúsið var svo tekið í notkun árið 1764. Sama ár varð stórbruni í verksmiðjuhúsum Innréttinganna.³

Séð norður Klúbbgötu, síðar Aðalstræti, árið 1836. Vinstra megin má sjá Magnús Jónsson lögregluþjón á eftirlitsferð. Teikning eftir Auguste Mayer.

Fyrsti vísir að stétt lögregluþjóna

Ekki er ósennilegt að bruni verksmiðjuhúsanna og tilkoma tukthússins hafi orðið til þess öðru fremur að Innréttingarnar réðu vaktara, en fyrir kom að fangar frá tukthúsinu brytust inn í hús í þorpínu. Ráðsmaður var við Innréttingarnar 1766-1767 og annaðist ýmislegt sem síðar varð á verksviði vaktara. Hvenær vaktarar hófu störf er annars óvíst, en þeim var sett erindisbréf árið 1778.



Segja má að vaktararnir hafi verið forverar lögregluþjóna, því að þeim bar ekki aðeins að líta eftir eignum Innréttinganna og gera viðvart ef eldur kæmi upp, heldur láta sig varða allt annað sem óeðlilegt gæti talist í þess tíma skilningi. Vaktararnir sungu svokölluð vaktaravers á klukkustundarfresti að gömlum evrópskum sið, og létu með því vita að allt væri með felldu auk þess að tilkynna hvað tímanum liði.⁴

Til starfa síns höfðu vaktararnir stundaglas og lukt en líka langan staf með göddóttum hnúð á öðrum endanum, svokallaða morgunstjörnu.⁵

Þetta skæða vopn er vísbending um að vöktur-unum hafi verið ætlað að takast á við og yfirbuga afbrotamenn ef nauðsyn krafði.

Næturvarsla Innréttinganna lagðist af 4. júní árið 1791. Eftir að stórþjófur einn slapp úr tukhúsinu síðla september sama ár, tóku nokkrir mektarborgarar sig saman um að greiða kostnað af næturvörslu. Jafnframt kvörtuðu þeir til amtmanns undan aðgerðaleysi í löggæslumálum.⁶

Fór svo að Reykjavíkkaupstaður réði vaktara þann 10. nóvember 1791, sem jafnframt var fyrsti starfsmaður kaupstaðarins.⁷

Morgunstjarnan var enn í notkun árið 1848 eins og sjá má á tússteikningu af næturverðinum í Reykjavík eftir hollenska listamanninn Albertus Van Beest frá sama ári.⁸ Myndadeild Þjóðminjasafns Íslands.



ÍSLENSKU VAKTARAVER SIN

Íslensku vaktaraversin eru tólf talsins. Fyrstu tíu versin eru þýðing síra Þorsteins Sveinbjarnarsonar (1730–1814) á versunum sem sungin voru í Kaupmannahöfn, en tvö þau síðustu orti hann sjálfur. Þorsteinn var um skeið prestur tukthússins á Arnarhóli í Reykjavík og Innréttinganna. Vakttíminn yfir háveturinn var tveimur klukkustundum lengri í Reykjavík en í Kaupmannahöfn og eru íslensku versin því tveimur fleiri en þau dönsku. Íslensku versin eru aðeins varðveitt í einu eintaki á Landsbókasafni Íslands, á blaði prentuðu

í Hólaprentsmiðju 1778. Versin hljóða svo, og er stafsetningin færð til nútímahorfs:

Klukkan átta

*Blint húm, sem veröld vefur,
vill dagsins enda töf.
Áminning oss það gefur,
um dauða vorn og gröf,
lýstu oss, Christe, kær!
Æ fyrr og síð
á efstu tíð
í þér svo deyjum vær.*

Klukkan níu

*Dagsett er, Drottinn mildi
dreyrug fyrir Jesú sár,
óskum afplána vildir,
öll brot og hefnda fár!
Kóng vorum forsvar fá,
og öllum lýð,
um lönd hans víð,
óvina grimmeik frá.*

Klukkan tíu

*Yfir- og undirlýður,
ef vita girnist þér,
nú hvað nóttinni líður,
náðastund komin er,
gefist Guði með trú,
varfærni með,
vel elds geymeð,
vaktin slær tíu nú.*

Klukkan ellefu

*Alfaðir að oss gái,
ungum og gömlum hér,
eitt virki um oss slái,
engla blessaður her!
Hann er staðarins hlíf,
geymi vor hús,
Guðs son Jesús,
góss, anda, sál og líf.*

Klukkan tólf

*Miðnættis mundu tíðir
mey barst lausnarinn frá,
huggast því heimur víði,
hver annars fallinn lá;
Klukkan tólf kveður við,
af hjartans grunn,
huga og munn,
Hans valdi felist þið.*

Klukkan eitt

*Ok þitt, ó Jesú kæri!
Um oss með þolgæði,
draga, þó þungt sé færi;
Þú ert vor frelsari.
Klukkan eitt er nú rétt,
þín líknar hönd,
vor greiði grönd,
gjörist þá byrðin létt.*

Klukkan tvö

*Ástrika ungbarn Christe!
Æðst lof syngjum þér hátt,
þig fæðast láta lysti,
ljós heims, á myrkri nátt,
Ó guðdóms andinn hár,
lýs oss svo hér,
þig lítum vér,
lofandi um eilíf ár!*

Klukkan þrjú

Nú vikur nóttin dökkva,
nálgast dagurinn klár,
eins lát Guð undan hrökkva,
oss þá, sem brugga fár:
Vor klukka kallar þrjú,
gef hjálp og dáð,
gef þína náð,
oss góði Faðir nú!

Klukkan fimm

Mæt Jesú morgun stjarna!
Magt þinni felum vér,
vorn góða konung gjarna,
Guð hlíf og sól hans ver!
Nú kveður klukkan fimm,
kom hýra sól
frá himin stól
hús vor uppljóma dimm.

Klukkan sjö


Upp til erfiðis standið,
í Jesú nafni! Sjö
er klukkan; yður vandið,
atkvæði merkið tvö,
þá Herrann heldur dóm,
í hverri stétt,
að gjöra rétt,
oss veiti náð hans fróm!⁹

Klukkan fjögur

Eilífi hirð himnanna,
Herra! Lofsyngi þér,
Vaktari vor mannanna,
varstu á jörðu hér;
svo endar vakt um síð,
Lofa Guð, rótt,
liðin er nótt,
legg stund á gefna tíð.

Klukkan sex

Oss Drottinn Íslands mönnum,
útmælti stystan dag,
lengstu nótt líka könnum,
lénta þreyttum í hag;
af slíku vaktin vex,
meir en hjá þeim,
þar út í heim,
því slær nú klukkan sex.



Teikning: Ásgeir Júlíusson.
Lögregluskóli ríkisins.

Stjórnarfríð í byrjun 19. aldar

Í lok árs 1802 var amtmannsembættið í Vestur-
amtinu veitt Ludvig Erichsen. Hann hafði skömmu
áður komið til Kaupmannahafnar og lýsti því þar
fyrir rentukammerinu að stjórnarfríð á Íslandi
væri mjög bágborið. Var þá óskað eftir því við
Ludvig að hann tæki saman skýrslu um ásakanir
sínar; hvernig háttáð væri eftirliti með opinberum
stofnunum, löggæslu í Reykjavíkurbæ og umsjón
með framkvæmd lagaboða og fyriræla stjórnar-

innar á Íslandi. Í þeirri skýrslu víkur Ludvig að
löggæslunni í Reykjavík, sem hann taldi vera
nánast enga, slökkvitæki skorti með öllu og vaktari
bæjarins væri drykkfelldur og hirðulaus. Þá væru
afbrot undantekningarlítið ekki kærð né fyrir slíkt
refsað, heldur gerðu menn jafnan málin upp sín
í milli. Agaleysið væri takmarkalaust og þjófnaðir
hefðu færst í vöxt.¹⁰

Teikning eftir Auguste Mayer árið 1836.



Fyrstu eiginlegu lögregluþjónarnir

Reykjavík varð, samkvæmt konungsráðgjafi, sérstakt lögsagnarumdæmi 15. apríl 1803. Reykjavík varð fullburða kaupstaður með sérstökum staðarréttindum þegar ráðinn var bæjarfógeti sama ár. Bæjarfógetinn, Rasmus Frydensberg, tók við lögreglustjórn bæjarins og honum til aðstoðar voru ráðnir tveir danskir lögregluþjónar, sem áður höfðu verið undirforingjar í danska hernum. Þeir hétu Ole Biörn og Vilhelm Nolte. Sá síðarnefndi kunni fyrir sér í skósmíði og skipti það máli um ráðningu hans. Løn sína skyldi hann stunda jafnhliða lögreglustarfinu. Vilhelm Nolte lagðist strax í drykkju og var vikið úr starfi ári síðar. Var þá annar danskur lögregluþjónn ráðinn, skráddari að mennt. Fyrsti íslenski lögregluþjónninn hét Jón Benjamínsson, en hann tók við starfi Ole Biörns í Reykjavík árið 1814. Hann starfaði í eitt ár. Næsti íslenski lögregluþjónninn var Magnús Jónsson, en hann starfaði í Reykjavík á árunum 1826 til 1839. Síðasti danski lögregluþjónninn í Reykjavík starfaði á árunum 1857 til 1859. Eftir það er löggæslan alíslensk.¹¹



Löggæsla utan Reykjavíkur

Ítarlegt erindisbréf var gefið út til hreppstjóra árið 1809, svokallað „Hreppstjórainstrúx“. Í því voru hreppstjórar gerðir að starfsmönnum ríkisins með aukið vald og sinntu meðal annars löggæslu undir stjórn sýslumanna utan Reykjavíkur.¹²

Árið 1880 vék instrúxið fyrir reglugerð, sem varðaði í mörgu ýmis grundvallaratriði löggæslu, svo sem rannsókn brotamála og eftirlitsskyldu með brotamönnum. Alþingi setti lög um lögreglusamþykktir, sem gildi tóku árið 1891, og voru fljótlega upp úr því smám saman ráðnir lögregluþjónar í helstu þéttbýli landsins utan Reykjavíkur.¹³

Snemma hafði þó verið ráðinn sérstakur löggæslumaður á Akureyri, líklega í kringum 1820, þegar íbúar bæjarins voru um 50. Maður þessi var danskur og kaupmönnum bæjarins var gert að greiða honum launin. Meðal skylduverka hans var að hirða upp ölvaða menn og hindra skotveiði á „pollinum“ á helgum dögum. Ekki leið á löngu áður en kaupmenn fóru að draga við sig launagreiðslurnar og embættið lagðist af. Á Akureyri leiddi verslunarfrelsið árið 1854 til aukinnar þarfar fyrir löggæslu, enda fjölgaði þar skipakomum til muna. Sama ár var ráðinn fyrsti næturvörðurinn en laun hans voru greidd af samskotafé bæjarins. Árið 1865 var hafist handa



við að byggja fangelsi í bænum, aðallega til að hýsa drukkna aðkomumenn.¹⁴

Á Ísafirði var byggt fangahús árið 1874, en það brann árið 1925 og eini fanginn sem í húsinu var lést í brunanum. Árið 1894 tók gildi lögreglu-samþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað og ráðinn var lögregluþjónn. Árið 1901 var stofnuð staða nætur-varðar á Ísafirði og í reglum um störf hans segir að hann skuli vera lögregluþjónn um nætur.¹⁵

Tveir lögregluþjónar voru ráðnir við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði árið 1908, í kjölfar fjölgunar íbúa vegna aukinnar útgerðar í bænum. Þeim fækkaði í einn árið 1910, en var aftur fjölgað í þrjá árið 1917. Var sérstaklega tekið fram við ráðningu þeirra að þeir þyrftu sjálfir að leggja sér til einkennisfatnað og var umsókn þeirra um styrk synjað af bæjarstjórn. Árið eftir ákváðu lögregluþjónarnir að segja upp starfi sínu og voru aðrir ráðnir í þeirra stað.

*Björn Árnason gullsmiður,
fyrsti lögregluþjónninn á Ísafirði.
Hann starfaði á árunum 1894–1906.
Ljósmynd: Björn Pálsson árið 1895.
Skjalasafnið Ísafirði*

Hinir nýju lögregluþjónar í Hafnarfirði fóru skömmu síðar fram á kauphækkun en þá ákvað bæjarstjórn að auglýsa störf þeirra laus til umsóknar og voru aðrir menn ráðnir. Þetta átti eftir að endurtaka sig hjá embættinu er kaupkröfur bar á góma.¹⁶

Í lögreglusamþykkt Siglufjarðar árið 1915 var ekki gert ráð fyrir neinum lögregluþjónum, nema ef eldsvoða bæri að höndum, en sama ár voru þó skipaðir þrír næturverðir af hreppsnefnd.¹⁷

Í fyrstu lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, sem gildi tók árið 1915, kemur meðal annars fram að þeir sem í ölæði hafi í frammi hávaða eða ósæmilegt látbragð á almannafæri, skuli heftir þar til þeir komi til sjálfs sín aftur og sæti þá sektum fyrir röskun á almannafriði. Þetta ákvæði var í reynd ekki hægt að framkvæma því það var ekkert fangahús í bænum. Samþykkti sýslunefnd þetta ár að ráða mann til lögregluþjónsstarfa yfir vetrartímann. Hann var næturvörður.¹⁸

Lögreglan í Reykjavík eflist

Bæjarfógetinn í Reykjavík óskaði eftir því við stiftamtman að lögregluþjónum yrði fjölgað í kaupstaðnum og færði til þess rök, þau helst að með lögum frá 1854 var verslun á Íslandi gefin frjáls við allar þjóðir. Vegna aukinna siglinga til



Knud Zimsen, borgarstjóri í Reykjavík, við umferðarstjórn árið 1925. Einkennisklæddi lögregluþjónninn á myndinni er Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn. Ljósmynd: Loftur Guðmundsson. Myndadeild Þjóðminjasafns Íslands.

landsins þyrfti að efla lögregluna. Þá óskaði bæjarfógetinn eftir því að stofnað yrði varalið, lögreglunni til stuðnings þegar með þyrfti. Fallist var á tillögu bæjarfógetans um fjölgun lögregluþjóna og urðu þeir þrír árið 1855. Aftur fækkaði lögregluþjónum í tvo árið 1874 og hélst það svo til ársins 1905 að þeim fjölgaði aftur í þrjá. Á þessu tímabili fjölluðu embættismenn nokkuð um löggæsluþörf og meðal hugmynda til eflingar hennar var að fella næturvörsluna undir lögregluna, sem starfaði í dagvinnu. Það varð ekki ofaná en næturvörðum var fjölgað á næstu áratugum frá 1860, auk þess sem kaupmenn réðu sjálfir til sín næturverði frá árinu 1900. Má af því marka að þeim hafi ekki þótt eftirlit hinna opinberu embættismanna fullnægjandi.

Fjöldi lögregluþjóna í Reykjavík á fyrstu áratugum 20. aldar var sem hér segir:

Ár	Fjöldi lögregluþjóna
1918	9
1929	15
1930	28
1933	41
1937	60

Árið 1923 var farið að hafa lögreglustöðina í Reykjavík opna allan sólarhringinn. Aðdragandi þess var að Knud Zimsen borgarstjóri knúði mjög á lögreglustjóra um að ráða í lögregluna mann, sem reynst hafði vel sem eftirlitsmaður með eignum bæjarins. Að undirlagi yfirlögregluþjónsins neitaði lögreglustjóri að taka við manningunni nema fá að ráða tvo þannig að hægt yrði að hafa lögreglustöðina opna allan sólarhringinn. Varð það úr.¹⁹

Fyrsta lögreglustöðin í Reykjavík var að Vesturgötu 4, í steinhúsinu til hægri á myndinni. Ljósmynd: Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



Tukthúsið gert að stiftamtmannssetri

Árið 1813 var öllum föngum í tukthúsinu á Arnarhóli sleppt lausum vegna matarskorts. Húsið var svo gert að stiftamtmannssetri árið 1820 og hafði lögreglan þá engar fangageymslur um tíma. Síðar var komið upp fangaklefum í húsi Landsyfirréttarins, sem kallaðir voru „svartholið“ enda klefarnir bæði lélegir, dimmir og óupphitaðir. Landsyfirréttarhúsið stóð við Austurstræti, skammt frá gamla tukthúsinu.²⁰

Mikil afturför varð í refsímálum þegar tukthúsið á Arnarhóli var lagt niður, enda urðu hýðingar þá aðalrefsingin en fáar refsingar hafa ómannúðlegri verið. Í augum almennings var hýðingin svívirðilegasta refsingin sem til var og fylgdi þeim sem henni var beittur ævilangt. Hýðing þótti óhæfilega þung refsing fyrir smávægileg afbrot. Með gildistöku hegningarlagna 25. júní 1869 var refsivistin gerð að aðalrefsingu.²¹

Árið 1873 var fullgert nýtt tukthús, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Það hafði í för með sér framför í fangelsismálum í bland við nýja hugsun um tilgang fangavistar.²²

Réttarbætur með nýrri stjórnarskrá

Árið 1874 samþykkti Danakonungur sérstaka stjórnarskrá fyrir Ísland. Meðal ákvæða sem mestu skiptu og vörðuðu löggæsluna voru réttarbætur á sviði friðhelgi eignarréttar og heimilis, tjáningarfrelsi og ýmis borgaraleg réttindi. Þar má sérstaklega nefna rétt manna til að safnast saman vopnlausir, ef ekki væri hætt á óspektum. Þá var leitt í lög að handtekinn mann skyldi leiða fyrir dómara svo fljótt sem verða mætti og skyldi dómari úrskurða í máli hans, svo fljótt sem við yrði komið og eigi síðar en innan þriggja daga frá því að hinn handtekni var færður fyrir hann.²³

Refsingar – „löggugrýlan“


Í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað, sem tók gildi árið 1891, var að finna einu umferðar-



Hraðinn samkvæmt lögreglusamþykktinni.
Ljósmynd: Myndadeild Þjóðminjasafns Íslands.

reglur bæjarins þar til umferðarlög voru sett árið 1914. Þau kváðu meðal annars á um 15 kílómetra hámarkshraða á klukkustund í þéttbýli. Lögreglusamþykktin takmarkaði hraðann þó við 10 kílómetra, sem mun hafa samsvarað hægu brokki hrossa.

Refsiákvæði lögreglusamþykktarinnar eru athyglisverð, en hámarkssekt sem leggja mátti á fullorðna voru 100 krónur. Refsa mátti börnum eldri en 10 ára og yngri en 15 ára mest með 15 vandarhöggum eða með einföldu fangelsi í allt að átta daga fyrir ítrekuð brot eða einstaka ónáttúru. Það ákvæði var í gildi allt til ársins 1919. Vitanlega var það hlutverk lögreglunnar að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar og hefur



*Lögregluþjónn á göngu suður
Pósthússtræti í byrjun 20. aldar.
Ljósmynd: Magnús Ólafsson.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.*

það leitt af sjálfu sér að hóta börnum því að láta lögregluna flengja þau. Sú ógn sem börnum hlýtur því að hafa staðið af lögreglunni hefur verið lífseig og munu margir núlifandi Íslendingar kannast við það að lögreglan hafi verið notuð sem „grýla“ á þá í bernsku.²⁴

Þetta á sér ef til vill dýpri rætur því að í húsagatilskipun Danakonungs fyrir Ísland frá 1746 segir að afleggja skuli þann heimskulega vana sem tíðkast hafi í landinu að hræða börn með jóla-sveinum eða vofum.²⁵

Starfsumhverfið

Af heimildum má ráða að starf lögreglu hefur löngum verið erfitt og ekki vanþörf á kröftum hennar. Mörg dæmi eru um virðingarleysi gagnvart yfirvaldinu. Með hliðsjón af „auglýsingu“ sem upp var fest á Ísafirði árið 1892 má til dæmis ætla að sýslumaður þar hafi verið rassskelltur á Þorláksmessukvöldi „að tveimur gildum vottum ásjáandi fyrir dugnað í málarekstri við Skúla Thoroddsen“.²⁶

Lögreglumenn voru ráðnir til Siglufjarðar á öðrum áratug 20. aldar. Árið 1919 lét Norðmaður lífið þar í átökum milli hóps Norðmanna og áhafnar dansks eftirlitsskips sem kom í land vopnuð byssum og stingjum. Þótti Dönunum að þeir þyrftu að koma á reglu í bænum vegna óróa af völdum

Norðmannanna og mátti lögreglan sín einkis. Engin málaferli fylgdu í kjölfarið því bæjarfógetinn úrskurðaði að málið væri sér óviðkomandi þar sem engir Íslendingar væru viðriðnir það.²⁷

Heimildir frá Vestmannaeyjum 1919 greina frá því að barið hafi verið á lögreglu og aðstoðarmönnum hennar, og hafi það ekki verið ný bóla. Hneyksli vekur að sekt vegna þess nemi minni upphæð en flöskuvirði í venjulegri launsölu. Úrræði lögreglu voru fábrotin og sem dæmi brá lögregluþjónninn í Vestmannaeyjum gjarnan á það ráð að vista fanga á heimili sínu og var hans eigið herbergi fangageymsla.²⁸

Oft áttu lögregluþjónar í erfiðleikum með flutning handtekinna manna, en í Reykjavík var smíðaður handvagn með kistu til þess að flytja ölvaða menn og ósjálfbjarga. Kistan var hinsvegar svo stutt að



Skopmyndin sýnir templara hella niður þeim vinbirgðum sem til voru á nýársnótt 1915, þegar sölubann áfengis gekk í gildi. Ljósmynd: Myndadeild Þjóðminjasafns Íslands.

hún rúmaði ekki meðalmenn á hæð, svo hún kom lítt að notum. Lögregluþjónar tóku því oft þessa menn á herðarnar og báru þannig.²⁹

Vandasöm störf

Sum þeirra verkefna sem lýst hefur verið hér að framan eru enn á könnu lögreglunnar og hafa mörg bæst við í áranna rás. Löggjöf og ýmis skilyrði í samfélaginu hafa á hverjum tíma mótað

störfín og ímynd lögreglunnar. Meðal áberandi leiðarmerkja í sögu hennar eru störf lögreglu samkvæmt áfengisbannlögnum sem gengu í gildi árið 1912 með innflutningsbanni, en árið 1915 með sölubanni, og giltu að mestu til ársins 1935. Þau breyttu eðli lögreglustarfans að því leyti að lögreglu var nú gert að skipta sér meira af einkahögum manna, meðal annars með húsleitum. Annað áberandi verkefni lögreglu í Reykjavík var að takast á við óspektir og skríslæti á gamlárskvöldum frá þriðja til sjöunda áratugar 20. aldar,

Miklar óeirðir brutust út við Alþingishúsið 30. mars 1949 þegar Alþingi fjallaði um inngöngu landsins í Atlantshafsbandalagið. Myndin sýnir lögreglumenn búna kylfum og stálhjálmmum hrekja fólk frá Alþingishúsinu eftir að hafa beitt tárágasi. Ljósmynd: Ólafur K. Magnússon.



þar sem lífi fólks og eignum var stefnt í háska í skjóli múgæsingar. Sprengjum var kastað að fólki, bílum velt, eldar kveiktir og lögreglustöðin grýtt. Jafnvel eru dæmi um að bensíni hafi verið hellt yfir lögregluþjóna og reynt að kveikja í þeim.³⁰

Þá gekk íslenskt þjóðfélag í gegnum erfiða tíma í kjölfar heimskreppunnar miklu í kringum 1930. Mikið atvinnuleysi einkenndi kreppuna í kjölfar mikils verðfalls á útflutningsafurðum. Fyrirtæki urðu gjaldþrota, fátækt varð áberandi og margir sultu.³¹

Þetta ástand skerpti skil milli þjóðfélagshópa, sem skipuðu sér jafnframt í pólitískar fylkingar. Mikil heift var í stjórnámálum á þessum tíma og urðu iðulega róstur. Reyndar urðu harðvítugir bardagar milli múgs og lögreglu þegar verst lét og það kom fyrir að lögregluþjónar slösuðust illa. Úr áraun áfengisbanns, óspekta og stéttaátaka gekk lögreglan svo inn í umbrot síðari heimsstyrjaldar við hernám Breta á Íslandi árið 1940.³²

Lögregla og tollgæsla í Reykjavík aðskilin

Þann 1. janúar 1929 var með lögum stofnað sérstakt embætti tollstjóra og færðust tollamál þá frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Jón Hermannsson lögreglustjóri tók við hinu nýja

embætti tollstjóra, en ungur maður, Hermann Jónasson, sem verið hafði fulltrúi hjá embætti bæjarfógeta, varð lögreglustjóri í Reykjavík.

Eftir breytinguna skyldi lögreglustjóri hafa á hendi lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og dómsmeðferð þeirra. Þá heyrðu margvísleg málefni áfram undir embætti lögreglustjóra, önnur en bein lögregluverkefni.



Bandarískur hermaður og íslenskur lögregluþjónn við umferðarstjórn á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Mynd: U.S. Army Photograph. Ljósmyndasafn Sævars P. Jóhannessonar.

Hermann Jónasson lagði grunn að þeirri löggæslu sem lögreglan býr við í dag, bæði sem lögreglustjóri og einnig síðar sem forsætis- og dómsmálaráðherra. Í tíð hans voru settar ítarlegar reglur fyrir lögregluna og eru mörg ákvæði þeirra grunnur að reglum sem gilda enn í dag.³³

Upphaf og þróun ríkislögreglunnar

Eftir miklar óeirðir 9. nóvember 1932, sem upp komu á opnum fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur, var mikill hluti lögregluliðs Reykjavíkur í sárum og óvinnufær um tíma. Var því stofnað lið varalögreglu, samtals um 150 manns en án þess að sérstaklega væri kveðið á um heimild fyrir slíku í lögum. Ljóst er að mikil tortryggni hefur ríkt af hálfu Alþýðusambands Íslands og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í garð lögreglunnar og sérstaklega þó hjálparliðs hennar. Það má leiða að því verulegar líkur að tortryggni og harðvítug barátta þessara verkalýðssamtaka gegn varalögreglunni hafi átt þátt í því að lög um ríkislögreglu voru sett árið 1933, sem nefndust

lög um lögreglumenn. Þau mæltu fyrir um þátttöku ríkisins í greiðslu kostnaðar vegna reksturs lögregluliða og settu tiltekna umgjörð um löggæsluna.³⁴

Fram til þess tíma að lögreglulögin voru sett hafði ríkið ekki tekið annan þátt í rekstri lögreglunnar en að skipa og launa lögreglustjóra sem stjórnðu lögregluliði því sem bæjarfélögin lögðu til. Í lögreglulögunum er líka að finna ýmis fyrirmæli sem lúta að störfum lögreglumanna, réttindum þeirra og skyldum. Enn fremur heimild ráðherra til að kalla til varalögreglu þegar sérstaklega stæði á og hann teldi nauðsynlegt til aukins öryggis. Komið var á fót vísi að rannsóknarlögreglu í Reykjavík.

*Ökutækjafloti lögreglunnar í
Reykjavík um miðja síðustu öld.
Ljósmyndasafn
lögreglunnar í Reykjavík.*



Fljótlega kom þó í ljós sá galli, að erfitt var að hreyfa lögreglulið milli umdæma. Árið 1940 var lögreglulögunum breytt í því skyni að bæta úr þessum ágalla. Meðal annars var rýmkuð heimild ráðherra til að kalla til varalögreglumenn og sett fyrir mæli um skyldur nánar tilgreindra lögreglumanna til að gegna löggæslustörfum hvar sem var á landinu ef sérstaklega stæði á. Þá var sett ákvæði í lögum sem miðaði að því að koma upp sjálfboðaliðssveitum lögreglumanna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að samkomur í fámennum sveitum og sjávarþorpum færu úr böndum vegna drykkjuskapar. Frá gildistöku þessara breytinga á lögreglulögunum voru þau sjónarmið áberandi að styrkja þyrfti löggæsluna í landinu enn frekar og auka hlutdeild ríkisins í greiðslu kostnaðar. Breytingar voru gerðar á lögunum árið 1972 þar sem gert var ráð fyrir því að ríkið bæri allan kostnað af almennri löggæslu í landinu. Lögreglumenn urðu þar með starfsmenn ríkisins í stað sveitarfélaga. Enn fremur var sett almennt ákvæði um verkefni lögregluliðs, en samsvarandi ákvæði hafði ekki verið í lögunum fram að því. Loks voru reglur um yfirstjórn lögreglu markaðar með skýrari hætti en áður hafði verið. Frá þessum tíma hefur aðeins verið ein lögregla á Íslandi, ríkislögreglan.³⁵

Rannsóknarlögregla ríkisins - RLR

Rannsóknarlögregla ríkisins tók til starfa 1. júlí 1977, samkvæmt lögum sem Alþingi hafði sett árið áður. Þannig færðust rannsóknir brotamála undan forræði Sakadóms Reykjavíkur og lögreglustjóra á Stór-Reykjavíkursvæðinu, til sjálfstæðrar stofnunar. Skipaður var sérstakur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hlutverk rannsóknarlögreglu ríkisins var einnig að veita lögreglustjórum og sakadómurum í landinu öllu aðstoð við rannsókn brotamála þegar þeir óskuðu og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari töldu það nauðsynlegt. Þá gat ríkissaksóknari falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem var á landinu þegar hann taldi þess þörf.

Rannsóknarlögreglustjóri gat að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn mála utan Stór-Reykjavíkursvæðisins.³⁶

Fyrsta íslenska lögreglutáknin

Fyrsta einkennistákn íslenskrar lögreglu er hönd með auga greiptu í lófa. Uppruni táknins er ævafornt og hefur verið rakinn til Mið-Austurlanda, allt aftur til tíma Gamla testamentisins og jafnvel enn lengra. Höndin táknar nærveru guðdómsins, sem hin dæmandi hönd, hin hjálpanði hönd og hin hlífandi hönd, en augað var hinsvegar tákn um guðdómsins alsjáandi og ávallt vakandi og verndandi auga. Þessi tákn eru þekkt í kristni. Áður stóðu þessi tákn ein og sér en fyrsta þekkt dæmi þess að augað sé felld inn í höndina er líklega frá 14. öld. Í fyrstu var augað í lófa uppréttrar handar en síðar breyttist táknin í þá veru sem sést á hnöppum einkennisbúninga dönsku og íslensku lögreglunnar; augað á útréttri hönd.



*Beltisyllgja
næturvarða
1906 - 1912.*

Höndin og augað eru elsta tákn íslensku lögreglunnar sem fékk öll sín einkenni frá lögreglunni í Kaupmannahöfn. Eftir miðja 19. öld var það í hjálm- og hífumerki, og prýddi beltis-

syggjur og hnappa á einkennisfötum íslensku lögreglunnar. Danska húfu- og hjálmmerkið var lagt niður um 1915 en hnapparnir notaðir áfram og eru enn. Sú breyting varð á hífumerkjum íslensku lögreglunnar að tekinn var upp sporöskjulagaður látúnsskjöldur í íslensku fánalitunum. Skjöldurinn var festur langsum á hífurnar, sem á þeim tíma líktust frönskum einkennis-hífum. Hann var lagður niður árið 1930 er nýtt merki, lögreglustjarnan, var tekið upp.³⁷

Íslenska lögreglustjarnan

Árið 1930 var nýr einkennisfatnaður tekinn í notkun hjá lögreglunni og nýtt einkennismerki lögreglunnar tekið upp, sem var sex arma stjarna. Í henni miðri er skjöldur yfir tveimur krosslögðum sverðum og í hring umhverfis skjöldinn eru einkennisorð lögreglunnar: MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA. Þáverandi lögreglustjóri í Reykjavík, Hermann Jónasson, átti hugmyndina að lögreglustjörnunni, sem Björn Björnsson teiknikennari útfærði eftir fyrirsögn Hermanns.³⁸



Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar er rekin af ríkislögreglustjóranum í samvinnu við Neyðarlinuna hf. og lögregluna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Keflavíkflugvelli og Selfossi. Stefnt að því að fjarskiptamiðstöðin þjóni öllum lögregluembættum landsins.

Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

